

Umhverfisstjórnun Sorpu bs.

Skrifað af: Administrator

Föstudagur, 28. febrúar 2014 10:30

Í dag, 28. febrúar 2014, fagnar Sorpa bs. vottun umhverfisstjórnunarkerfis síns sem Vottun hf. hefur veitt fyrirtækinu. Um er að ræða vottun á móttöku, meðhöndlun og vinnslu úrgangs í móttöku- og flokkunarstöð í Gufunesi, ásamt rekstri urðunarstaðar og framleiðslu metans í Álfnesi.

Fyrir er fyrirtækið með vottun á gæðastjórnunarkerfi sínu skv. ISO 9001 staðli, sem það hefur haft frá árinu 2011. Nánari upplýsingar um starfsemi Sorpu er að finna á heimasíðunni www.sorpa.is.

